Akureyrarbær
Skipulagsráð
Geislagötu 9
600 Akureyri

Erindi:
Eyrarlandsvegur 31, 600 Akureyri
Eigandi: Þorsteinn Már Baldvinsson kt 071052-4359, Barðstúni 7, 600 Akureyri

Niðurrif og endurbygging

Fyrir hönd eiganda, leggur undirituð fram gögn sem svör við innkomnum athugasemdum og umsögnum vegna grendarkynningar samkvæmt eftirfarandi bókun Skipulagsráðs.

Bókun Skipulagsráðs 10. Júlí:
6.Eyrarlandsvegur 31 - breyting á deiliskipulagi
2019050172

Lögð fram að lokinni grenndarkynningu, tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem nær til lóðarinnar Eyrarlandsveg 31 sem felur í sér að heimilt verður að rífa núverandi hús og byggja nýtt allt að 250 m² hús í staðinn. Þar sem í gildi er hverfisvernd sem nær til lóða 27-35 er í skilmálum kveðið á um að nýtt hús verði að taka mið af útliti núverandi húss og falli inn í götumyndina. Þá er gert ráð fyrir að heimilt verði að gera bílastæði á lóðinni með aðkomu frá Barðstúni. Tillagan var grenndarkynnt með bréfi dagsettu 24. maí 2019 með fresti til að gera athugasemdir til 25. júní 2019, auk þess sem óskað var umsagnar Minjastofnunar og Minjasafns Akureyrar.

Tvær athugasemdir bárust á kynningartíma auk umsagnar frá Minjastofnun Íslands. Afgreiðslu frestað þar til fyrir liggja viðbrögð umsækjanda við fyrirliggjandi athugasemdum og umsögn Minjastofnunar.

Meðfylgjandi eru frumdrög að nýbyggingu til að skýra betur markmið eiganda varðandi uppbyggingu á lóðinni.

Hönnun gerir ráð fyrir að nýbygging taki fullt tillit til þess að halda upprunalegu útliti og stíleinkennum hússins og núverandi götumynd við Eyrarlandsveg.
Undirrituð telur að með frumdrögum þessum sé tekið tillit til athugasemda og umsagna sem borist hafa.

Helstu breytingar:

- Breikkun húss um 0,5 m til suðurs
- Staðsetning húss að norðan er í sömu línu og núverandi norðurhlið
- Lenging 1. hæðar og rishæðar um 3,3 m til austurs
- Staðsetning húss að vestan er í sömu línu og núverandi vesturhlið að Eyrarlandsvegi
- Lenging kjallara um 6,3 m til austurs, er að stórum hluta niðurgrafinn til suðurs, vesturs og norðurs
- Mænishæð hækkuð um 0,5 m
- Nýbygging um 250 m2

Kaupangi Mýrarvegi
600 Akureyri · IS
Sími +354 460 4400
Fax +354 460 4401

Þingholtsstræti 27
101 Reykjavík · IS
Sími +354 561 4400
Fax +354 561 4411

avh@avh.is
www.avh.is

Undirrituð vill einnig árétta að ástand núverandi húss þykir ekki ásættanlegt til frekari endurnýjunar og innréttingar – sjá ástandsskýrslu eftir Ingva Óðinsson dags 16.12.2018 (send Skipulagsráði 21.01.2019)

Meðfylgjandi gögn: Frumdrög að nýbyggingu

Akureyri, 20. mars 2020

Virðingarfyllst,
f.h. eiganda

Fanney Hauksdóttir arkitekt FAÍ
fanney@avh.is